

Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 13. maí 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Vísast til tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þskj. nr. 1082, sem lagt var fram á Alþingi þann 18. mars 2015. Í tilefni af umræddri þingsályktunartillögu vilja Samtök Iðnaðarins áréttu ályktun Iðnþings, þann 5. mars sl. Er ályktunin svohljóðandi:

„Frjáls og óhindruð viðskipti og aðgangur að erlendum mörkuðum er lífæð íslenskra fyrirtækja. EES-samningurinn skiptir þar sköpum en óvíst er hvort hann einn þjóni hagsmunum okkar til lengri tíma litið. Nauðsynlegt er að tryggja að framhald aðildarviðræðna við ESB verði lagt í dóm þjóðarinnar.“

Í samræmi við framangreinda ályktun þá telja Samtök iðnaðarins rétt og eðlilegt að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri